



Alþingi  
Efnahags- og viðskiptanefnd

Reykjavík, 10. maí 2024  
Tilvísun: 2024050813/GRB

## Efni: Umsögn um frumvarp til laga um ráðstöfun eignarhluta í Íslandsbanka hf.

1.

Persónuvernd vísar til frumvarps efnahags- og viðskiptanefndar Alþingis sem birt var í umsagnagátt Alþingis 18. apríl 2024 (pskj. 1365, 920. mál á 154. löggjafarþingi).

2.

Í 1. gr. frumvarpsins kemur fram að markmið þess sé að ríkið ráðstafi eignarhlut sínum í Íslandsbanka.

Í 2. mgr. 5. gr. frumvarpsins er mælt fyrir um að ráðherra skuli í aðdraganda markaðssetts útboðs tryggja virka upplýsingagjöf um undirbúning og framkvæmd ráðstöfunar eignarhlutar.

Þá er í 3. mgr. 5. gr. frumvarpsins mælt fyrir um að ráðherra skuli að loknu markaðssettu útboði ráðherra, án tillits til þagnarskyldu skv. 58. gr. laga um fjármálafyrirtæki nr. 161/2002, birta opinberlega sundurliðaðar upplýsingar um hver og ein viðskipti með eignarhluti, þ.m.t. kennitölur í þeim tilvikum sem fjárfestar hafa íslenska kennitölu, og nöfn endanlegra kaupenda.

3.

Öll vinnsla persónuupplýsinga verður að falla undir einhverja þeirra heimilda sem taldar eru upp í 9. gr. laga nr. 90/2018, sbr. 1. mgr. 6. gr. reglugerðar (ESB) 2016/679. Kemur hér helst til álita að vinna má með persónuupplýsingar sé það nauðsynlegt til að fullnægja lagaskyldu sem hvílir á ábyrgðaraðila, sbr. 3. tölul. lagaákvæðisins og c-lið reglugerðarákvæðisins, eða ef vinnslan er nauðsynleg vegna verks sem unnið er í þágu almannahagsmuna eða við beitingu opinbers valds sem ábyrgðaraðili fer með, sbr. 5. tölul. lagaákvæðisins og e-lið reglugerðarákvæðisins.

Auk heimildar samkvæmt framangreindu verður vinnsla persónuupplýsinga að fullnægja öllum grunnkröfum 1. mgr. 8. gr. laga nr. 90/2018, sbr. 5. gr. reglugerðar (ESB) 2016/679. Er þar meðal annars kveðið á um að persónuupplýsingar skuli unnar með lögmætum, sanngjörnum og gagnsæjum hætti gagnvart hinum skráða (1. tölul.); að þær skuli fengnar í skýrt tilgreindum, lögmætum og málefnalegum tilgangi og ekki unnar frekar í öðrum og ósamrýmanlegum tilgangi (2. tölul.); og að þær



skuli vera nægilegar, viðeigandi og ekki umfram það sem nauðsynlegt er miðað við tilgang vinnslunnar (3. tölul.).

Líkt og að framan greinir er í 3. mgr. 5. gr. frumvarpsins mælt fyrir um að ráðherra skuli að loknu markaðssettu útbóði birta opinberlega upplýsingar um hver og ein viðskipti með eignarhluti, þ.m.t. nöfn endanlegra kaupenda og kennitölur þeirra. Gerir Persónuvernd eftirfarandi athugasemdir við ákvæðið:

### 3.1.

Í greinargerð með frumvarpinu segir að við sölu meðferð á eignarhlut ríkisins í Íslandsbanka skuli gæta að meginreglum um jafnræði, gagnsæi, hagkvæmni og hlutlægni. Sú skylda sé sérstaklega lögð á ráðherra við ráðstöfun samkvæmt sölu meðferðinni sem frumvarpið kveði á um að tryggja gagnsæi í tengslum við ráðstöfunina, m.a. með frumkvæðisbirtingu upplýsinga. Í því sambandi sé rétt að geta þess að allar upplýsingar sem skipti máli varðandi þátttöku í útbóðinu eigi að koma fram í lýsingu sem birt sé opinberlega.

Þó að tilgangur 3. mgr. 5. gr. frumvarpsins, þ.e. að gæta að gagnsæi, jafnræði og upplýsingagjöf til almennings, geti talist málefnalegur, svo sem áskilið er í 2. tölul. 8. gr. laga nr. 90/2018, má vinnsla persónuupplýsinga ekki fara umfram það sem nauðsynlegt er miðað við tilgang vinnslunnar, sbr. 3. tölul. sömu greinar. Telur Persónuvernd að svo umfangsmikil vinnsla persónuupplýsinga sem felst í opinberri birtingu lista yfir alla kaupendur að eignarhluta ríkisins í Íslandsbanka, sé ekki nauðsynleg til að ná framangreindum tilgangi.

Leggur Persónuvernd því til að breytingar verði gerðar á umræddu frumvarpsákvæði á þá leið að ekki verði birtar upplýsingar um kaupendur að óverulegum eignarhlutum í Íslandsbanka. Við ákvörðun löggjafans um það hvenær eignarhlutar teljast óverulegir skal tilgangur birtingarinnar hafður að leiðarljósi, sbr. það sem að framan greinir.

### 3.2.

Samkvæmt 13. gr. laga nr. 90/2018 er notkun kennitölu einstaklinga heimil eigi hún sér málefnalegan tilgang og sé nauðsynleg til að tryggja örugga persónugreiningu. Kröfunni um málefnalegan tilgang verður ekki fullnægt nema önnur auðkenni, svo sem nafn og lögheimili, séu ófullnægjandi. Við mat á þessu verður meðal annars að líta til þess hvort örugg persónugreining sé mikilvæg fyrir hinn skráða, fyrir ábyrgðaraðila eða vegna almannahagsmuna. Ef ekki er til staðar málefnalegur tilgangur og sé kennitala ekki nauðsynleg til persónugreiningar er birting hennar óheimil.

Þá bendir Persónuvernd á að allajafna verður talið nægjanlegt til persónugreiningar að notast við nafn og lögheimili eða eftir atvikum fæðingardag. Jafnframt bendir stofnunin á að í löndum, þar sem sambærileg persónuverndarlöggjöf er í gildi og hér, er opinber birting auðkenna á borð við kennitölur jafnan talin óheimil.

Leggur Persónuvernd því til að breytingar verði gerðar á umræddu frumvarpsákvæði á þá leið að látið verði nægja að birta nöfn kaupenda að stærri eignarhlutum í Íslandsbanka, og eftir atvikum fæðingardag þeirra.



Ekki eru að öðru leyti gerðar athugasemdir við efni frumvarpsins.

Verði frekari umsagnar óskað um einstök atriði verður hún fúslega veitt.

F.h. Persónuverndar,

*Helga S. Þórhallsdóttir*  
Helga Sigríður Þórhallsdóttir

*Gyða R. Bergsdóttir*  
Gyða Ragnheiður Bergsdóttir